

Fjölís

**SKÝRSLA STJÓRNAR –
GAGNSÆISSKÝRSLA 2020 -2021**

YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR MAÍ 2020-MAÍ 2021

Á aðalfundi Fjölís þann 17. apríl 2020 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

Aðalstjórn (stjórnarmenn eru jafnframt varamenn fulltrúaráðs) er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs
Sigurlaug Kr. Sverrisdóttir, f.h. Hagþenkis
Sindri Freysson, f.h. RSÍ
Páll Ragnar Pálsson, f.h. STEF
Hjálmar Jónsson, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Gylfi Garðarsson, f.h. Sítons

Á fundi stjórnar þann 26.11. 2020 var Snæbjörn Guðmundsson kjörinn stjórnarmaður f.h. Hagþenkis í stað Sigurlaugar Kr. Sverrisdóttur skv. nýrri tilnefningu Hagþenkis.

Varamenn, sem jafnframt eru aðalmenn fulltrúaráðs, eru:

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT
Knútur Bruun, f.h. Myndstefs
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis
Karl Ágúst Úlfsson, f.h. RSÍ
Guðrún Björk Bjarnadóttir f.h. STEFs
Arndís Þorgeirsdóttir, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Sítons

Frankvæmdastjóri er Helga Sigrún Harðardóttir.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Stjórnarhættir Fjölís eru þannig að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra aðildarféлага. Frankvæmdastjóri fer með daglegan rekstur félagsins í samráði við og undir eftirliti stjórnarformanns og skv. samþykktum félagsins. Stjórnarfundir eru haldnir skv. ákvörðun stjórnar.

Fjölís veitir samningskvaðaleyfi skv. samningum, innheimtir tekjur vegna þeirra og úthlutar aðildarsamtökum sínum að frádregnum 12% til hefðbundins rekstrar, s.s. launakostnaðar, skrifstofurekstrar, fundahalda, viðhalds á heimasíðu o.þ.h. Ekki er um annars konar frádrátt frá tekjum að ræða, s.s. vegna félagslegrar, menningartengdrar eða menntunartengdrar þjónustu. Enginn annar rekstur er á vegum félagsins og engar aðrar einingar tengjast rekstri félagsins.

Skv. ákvörðun stjórnar Fjölís, stendur félagið ekki fyrir úthlutun til rétthafa sjálfra, heldur renna fjármunir sem tilheyra persónugreinanlegum rétthöfum til aðildarfélaganna sem sjá sjálf um að úthluta þeim í samræmi við 15. gr. laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og almenna stefnu um réttindagreiðslur til rétthafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar.

1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 17. apríl 2020 hafa verið haldnir tveir hefðbundnir stjórnarfundir, annar rafrænn en hinn hefðbundinn. Tíðni funda ræðst af verkefnum skv. ákvörðun stjórnar.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti strik í reikninginn þar sem fundir urðu alla jafna rafrænir. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sóttu rafræna fundi samtaka sem Fjölís á aðild að, þ.m.t. aðalfund lfro í nóvember.

Verkefni starfsársins fólust í hefðbundinni innheimtu og úthlutun.

Áætlað hafði verið að halda sameiginlegan fund norrænna systursamtaka í Reykjavík í ágúst en honum var frestað vegna heimfaraldursins. Áætlað er að hann verði haldinn síðla árs 2021.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra hefur frá árinu 2017 verið 30% vegna minnkaðs umfangs við samningagerð og innheimtu. Tekjuaukning milli ára er 13%, úthlutun jókst um 12% og rekstrarkostnaður var 8,7% af heildartekjum félagsins árið 2020.

Í kafla 2 má finna upplýsingar um tekjur félagsins og gjöld. Í kafla 3 er að finna upplýsingar um úthlutanir fjármuna að frádregnum umsýslukostnaði. Í kafla 4 er að finna yfirlit yfir stöðu samningamála og í kafla 5 er að finna yfirlit yfir verkefni framundan.

2 TEKJUR OG GJÖLD

2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjölíss. Hann nær til endurgjalds fyrir afritun í öllu skólakerfinu þ.m.t. einkaskólum, tónlistarskólum og háskólum. Innheimtar tekjur ársins 2020 voru sem hér segir;

	2020	2019
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	118.700.000	115.700.000
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	20.300.000	0
<i>Sveitarfélög</i>	9.172.836	8.572.191
<i>Kirkjuráð</i>	477.227	873.396
<i>Kórar</i>	2.101.792	2.399.792
<i>Erlend fjölföldun</i>	1.421.720	2.099.600
<i>Samtals tekjur vegna samninga</i>	152.173.575	129.644.979
Vaxtatekjur	208.815	288.294
Vaxtagjöld	87.944	-17.264
Samtals tekjur	120.871	271.030
	152.294.446	132.481.310

2.2 GJÖLD

	2020	2019
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>4.546.178</i>	<i>4.152.832</i>
<i>Stjórnarlaun</i>	<i>4.152.650</i>	<i>4.474.600</i>
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	<i>3.167.802</i>	<i>3.943.386</i>
<i>Afskriftir og leiðréttingar</i>	<i>1.341.716</i>	<i>0</i>
<i>Samtals rekstrarkostnaður</i>	<i>13.208.346</i>	<i>12.570.818</i>

Rekstrarkostnaður nam á árinu 2020 tæplega 8,7 % af heildartekjum félagsins og hefur lækkað úr 17,8% frá árinu 2015.

3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTAFASAMTAKA

Yfirlit yfir úthlutunir í kafla 3 tekur mið af innheimtu og úthlutun samningstekna vegna tekna ársins 2020. Í því felst að munur getur verið á yfirliti í þessari skýrslu og úthlutun í endurskoðuðum ársreikningi þar sem í einstökum tilvikum getur verið um að ræða að samningar eru gerðir afturvirkir og greiðslur þar með.

3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 118.700.000 kr. Í mars 2020 var 86.088.584 kr. úthlutað til innlendra réttihafa. Erlend úthlutun að fjárhæð 18.367.416 kr. fór fram í desember s.á. eða samtals 103.386.891 kr. Úthlutun var eftirfarandi skv. gagnkvæmnissamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>Hlutdeild mismunandi eftir skólastigum</i>	<i>kr.</i>
<i>Erlendir réttihafar</i>		<i>18.367.416</i>
<i>FÍBÚT</i>		<i>19.120.927</i>
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>		<i>2.869.750</i>
<i>Hagþenkir</i>		<i>29.408.839</i>
<i>Myndstef</i>		<i>18.986.966</i>
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>		<i>8.608.858</i>
<i>STEF</i>		<i>6.447.380</i>
<i>Sítón</i>		<i>645.864</i>
<i>Samtals</i>		<i>103.386.891</i>

3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðsla barst vegna Stjórnarráðssamningsins vegna notkunar á árinu 2019 og 2020 eftir að endurskoðun samningsins lauk seint á árinu 2019. Greiðslan varð því tvöföld á árinu 2020 og nam 20.300.000. Úthlutun fór fram í desember 2020.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		1.905.256
FÍBÚT	29	4.628.036
Blaðamannafélag Íslands	18	2.872.574
Hagþenkir	39	6.223.910
Myndstef	11	1.755.462
Rithöfundasamband Íslands	2	319.175
STEF	1	159.587
Samtals	100	17.864.000

3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 477.227 kr. á árinu 2020 en skv. samningi við kirkjuna var gefinn afsláttur frá gjaldi ársins 2020 vegna kórónuveirunnar. Þeir fjármunir innheimtust ekki fyrir en í janúar 2021 og teljast ekki til úthlutunar 2021.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		75.188
FÍBÚT	9,35	32.236
Blaðamannafélag Íslands	1	3.448
Hagþenkir	1	3.448
Myndstef	2	6.895
Rithöfundasamband Íslands	13	44.820
STEF	67,4	232.376
Sítón	6,25	21.548
Samtals	100	419.960

3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra á árinu 2018 námu 2.101.793 kr. Úthlutun til innlendra aðildarsamtaka, 1.331.696 kr. og erlendra samtaka, 517.882 kr. fór fram í desember.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		517.882
FÍBÚT	9,35	124.514
Blaðamannafélag Íslands	1	13.317
Hagþenkir	1	13.317
Myndstef	2	13.317
Rithöfundasamband Íslands	13	292.973
STEF	67,4	791.027
Sítón	6,25	83.231
Samtals	100	1.849.578

3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Innheimtar voru á árinu 9.172.836 kr. skv. rammisamningi um stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga. Úthlutun, sem fram fór í september 2020 nam 8.072.095 kr.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		744.753
FÍBÚT	29	2.124.929
Blaðamannafélag Íslands	18	1.318.922
Hagþenkir	39	2.857.664
Myndstef	11	806.008
Rithöfundasamband Íslands	2	146.547
STEF	1	73.273
Samtals	100	8.072.096

3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 1.421.720 kr. á árinu 2020. Greiðslan skiptist með eftirfarandi hætti skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Aðallega er um að ræða afritun í skólum.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
FÍBÚT		277.113
Blaðamannafélag Íslands		42.169
Hagþenkir		439.766
Myndstef		283.137
Rithöfundasamband Íslands		120.484
STEF		36.145
Sítón		6.024
Samtals	100	1.204.840

3.7 HEILDARÚTHLUTUN 2020

Heildarúthlutun Fjölís á innheimtum tekjum ársins 2020 nam 139.360.880 kr. eða tæplega 92% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 118.911.205 kr. eða rúmlega 85% af heildarúthlutun. Tæp 15% af tekjum Fjölís rennur til erlendra réttihafa skv. samningum þar um. Heildarúthlutun skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttihafa og aðildarfélaga:

Aðildarfélag:	2020	2019
VG WORT, DE	1.007.850	1.004.230
CopyDan, DA	1.376.969	1.391.089
Bonus Copyright Access, SE	2.525.504	2.459.181
Copyright Licensing Agency, UK	6.944.609	6.849.460
Copyright Clearance Center, USA	7.326.789	6.655.949
Kopinor	1.267.953	1.203.959
FÍBÚT	27.919.042	22.974.887
Blaðamannafélag Íslands	7.561.881	4.372.584
Hagþenkir	41.379.396	34.601.420
Myndstef	23.211.279	21.379.093
Rithöfundasamband Íslands	10.081.510	9.955.290
STEF	7.976.998	8.837.692
Sítón	781.100	877.332
Samtals	139.360.880	122.562.166

4 SAMNINGAMÁL

Ekki kom til synjunar á árinu á beiðni um leyfisveitingu sbr. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga.

4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur sem tekur til alls menntastarfs í landinu var endurnýjaður 2019, til þriggja ára og kemur því til endurnýjunar á árinu 2021 fyrir árið 2022.

4.2 KÓRAR

Beiðni frá landssamböndum kóra um niðurfellingu endurgjalds fyrir notkun á árinu 2020 var samþykkt á stjórnarfundum Fjölís í nóvember 2020. Í samkomulaginu felst að árgjald fyrir árið 2021 mun fela í sér 20% álag.

4.3 KIRKJURÁÐ

Ósk um endurnýjun samninga Kirkjuráðs bárust í mars 2020. Forsendur hans voru endurskoðaðar á árinu. Þá barst einnig beiðni um endurskoðun á endurgjaldi fyrir árið 2020 vegna heimsfaraldursins og veitti stjórn Fjölís afslátt vegna þess.

4.4 SVEITARFÉLÖG

Öll sveitarfélög hafa undirritað nýjan samning um afritun höfundaréttarvarins efnis við Fjölís. Endurnýjast þeir samningar sjálfkrafa þar til þeim verður sagt upp.

4.5 STJÓRNARRÁÐIÐ

Samningur við Stjórnarráðið var endurnýjaður 2020, afturvirkir um ár en til þriggja ára og kemur því til endurskoðunar á árinu 2021 fyrir árið 2022.

5 ERENT SAMSTARF

5.1 NORRÆNN STÓRFUNDUR

Norrænu systursamtök Fjölís hafa haldið sameiginlegan fund árlega. Til stóð að halda þann fund í Reykjavík 2020 en vegna kórónuveirufaraldursins var honum frestað til ársins 2021. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður hafa því sótt rafræna fundi samtakanna, framkvæmdastjórafundum og fundum með sérfræðingum norrænu höfundaréttarsamtakanna.

5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu rafrænan aðalfund Ifrro í nóvember 2020.

6 VERKEFNI FRAMUNDAN

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri Fjölís í samræmi við samþykkt stjórnar þar um. Framkvæmdastjóri, í hlutastarfi, sinnir reikningagerð og innheimtu gjalda og samskipti við viðskiptavinir og viðsemjendur. Þá er fylgst með breytingum á löggjöf effir þörfum, innlendum og erlendum fyrirspurnum svarað og þjónusta veitt aðildarfélögum varðandi upplýsingagjöf og annað tilfallandi.


Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sjá um viðræður við viðsemjendur um endurnýjun samninga.

Snemma árs 2021 barst ósk frá menntamálaráðuneytinu um að Fjölís skipaði fulltrúa í nefnd sem ætlað er að gera tillögur um afritun og birtingu íslensks prentarfs á netinu. Stjórn Fjölís hefur tilnefnt framkvæmdastjóra Fjölís til þátttöku í þeirri vinnu.

2021 bættist svo við skipulagning, undirbúningur og framkvæmd fundar með systursamtökum á Norðurlöndunum þar sem búist er við allt að 60 manna fundi sem halda á í Reykjavík. Samstarf Norrænna samtaka er auk þess talsvert vegna sérstöðu þeirra í samanburði við sambærileg samtök í heiminum. Sú sérstaða er m.a. til komin vegna löggjafar sem inniheldur heimildir til samningskvaðaleyfa (e. ECL).

Rekstur Fjölís hefur verið í mjög góðu horfi undanfarin ár þar sem innheimtar tekjur hafa stöðugt aukist á sama tíma og kostnaður við rekstur félagsins hefur verið lækkaður um meira en helming á undanförunum 5 árum.

27. maí 2021



Halldór Þ. Birgisson
formaður